



# Skýrsla gæðaráðs

## Innra mat og umbótaáætlun

Hlíðarskóli júní 2024  
Akureyrarbær

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>1</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Ytra mat</b> .....	<b>2</b>
<b>Skólaprófill innra mats júní 2023</b> .....	<b>3</b>
<b>Áætlun um innra mat</b> .....	<b>3</b>
<b>Niðurstöður mats</b> .....	<b>4</b>
Stjórnun og fagleg forysta.....	4
Nám og kennsla.....	6
Innra mat.....	7
Heildarniðurstaða júní 2024 - Skólaprófill.....	9
<b>Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025</b> .....	<b>10</b>

# Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats skólaárið 2023-2024 í Hlíðarskóla.

- Staða gagnvart ytra mati ef við á
- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat
- Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Í lok skólaársins 2023-2024 var farið yfir og lokið við að meta ákveðna liði í öllum þáttum skólafarfsins þ.e. stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat samkvæmt langtímaáætlun um innra mat skólans sem má sjá hér: [sjá langtímaáætlun 2020-2024](#). Gæðaráð skólans skipa allir starfsmenn enda fámennur skóli og skilvirkast að allir komi að skipulagningu, ígrundun og samantekt styrkleika og tækifæri til umbóta.

## Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólafarfi í Hlíðarskóla í febrúar 2020. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólafarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem skólinn hefur unnið eftir undanfarin þrjú ár og er þeim umbótum formlega lokið. Skýrsla um innra mat og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt [langtímaáætlun skólans um innra mat](#). Markvisst hefur verið unnið að því að auka gæði skólastarfsins undanfarin ár með það að markmiði að uppfylla sífellt þau gæðaviðmið sem lögð eru til grundvallar skólastarfinu. Mikil og góð vinna hefur farið í mat gagnvart viðmiðunum og staðan orðin mjög góð. Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur framvegis.

## Skólaprófíll innra mats júní 2023

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Heildarniðurstaðan var að 100% matsþátta (16/16) eru flestir eða allir sterkir og með mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2022-2023 var stefnt á að minnsta kosti 90% allra matsþátta yrði metnir sem sterkir eftir að stjórnun og faglega þjónusta hefur verið yfirfarin sem og að öðrum þáttum hefur verið viðhaldið og tókst það markmið.

## Áætlun um innra mat

Í kjölfar ytra mats árið 2020 og umbóta í kjölfarið var gerð [Langtíma- og ársáætlun](#) sem unnið var eftir í vetur. Hluti umbóta var að festa í sessi að vinna eftir slíkri áætlun, uppfæra í upphafi hvers skólaárs. Gæðaráð fundaði reglulega og vann í innleiðingu gæðaviðmiða um stjórnun og fagleg forysta og öðrum umbótum frá ytra mati. Vel gekk að funda og gæðaráðið fundaði reglulega með ráðgjafa frá Ásgarði skólaráðgjöf. Markmiðin að fylgja áætlun, funda reglulega og setja saman skýrslu um innra mat gengu eftir.

# Niðurstöður mats

Niðurstöðurnar eru lagðar fram í þrem meginþáttum:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat

Í niðurstöðu kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

Gögn - niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.

Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin. Heildarmat skólans er tekið saman í lok skýrslu með skólaprófil sem segir til um styrkleika skólans og í lok skýrslu er umbótaáætlun þar sem má skoða tækifæri til umbóta.

## Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa.](#)

Markmið skólans- *Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs - og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að skólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsmanna með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu grænir þ.e. flestir þættir eða allir sterkir.*

Áherslan skólaárið 2023-2024 var að viðhalda völdum gæðaviðmiðum um stjórnun og faglega forystu. Þau viðmið snéru að *faglegu samstarfi og samræðu* annarsvegar og svo hinsvegar *tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu*. Tókst það vel og mörg viðmið yfirfarin og farið vel yfir. Hægt er að sjá viðmiðin [hér](#).

### Niðurstöður:

- **Starfsáætlun skólans** er gerð að hausti og [birt á heimasíðu skólans](#). Sem liður í innra mati var litið um öxl og metið hvort að starfsáætlunin hafi þjónað hlutverki sínu.
  - **Starfsáætlun 2023-2024** - Ítarlegar áætlanir metnar að vori, innra mat.
  - **Nemendafjöldi** - Skólinn byrjaði haustið með 18 nemendur sem fækkaði svo niður í 16.
  - **Starfsfólk** - Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir í haust einn ótímabundið en annar tímabundið vegna fæðingarorlofs. Auglýst var eftir kennara í sérúrræði sem sett var á laggirnar en ekki náðist að ráða í það þrátt fyrir mikla leit. Fór svo að uppeldisfulltrúi var ráðinn þegar leið á haustið til að fá aukinn stuðning. Rót var á starfshópnum á miðjum vetri. Kennari fór í fæðingarorlof frá 3.janúar - 24.apríl. Annar kennari sagði upp og lét af störfum 1.mars. Þroskaþjálfari fór í veikindaleyfi 1.febrúar og fór síðan í fullt veikindaleyfi 2.apríl. Einungis náðist að ráða einn starfsmann í staðinn fyrir umsjónarkennara. Í skólalok létu af störfum fjórir

karlkyns starfsmenn og verður því töluverð breyting á starfshópnum næsta vetur. Ráðningarferli eru í gangi og gengur erfiðlega að fá karlkyns starfsmenn í störf.

- **Skólaráð** - Skólaráð hefur verið starfrækt seinustu þrjú ár. Einungis náðist að funda einu sinni þennan veturinn. Markmið næsta vetrar er að vera með skýrari starfsáætlun skólaráðs, festa þrjú fundi og þar af einn opinn samanber reglugerð.
  - **Nemendaráð** - Nemendaráð var skipað fremur ungum nemendum. Í nemendaráði voru nemendur úr 3.bekk, 4.bekk, 6.bekk og 7.bekk. Samstarf þeirra gekk almennt vel og er markmið næsta vetrar að viðhalda störfum nemendaráðsins.
  - **Foreldrafélag** - Foreldrafélag skólans var ekki eins virkt og vonast var eftir. Reynt var að halda tvo viðburði einn í desember og annan í janúar. Í fyrra skiptið þurfti að fella niður viðburð vegna veðurs og í seinna skiptið var ekki næg þátttaka.
  - **Bekkjarfundir** - Lengri bekkjarfundir voru haldnir einu sinni í mánuði. Allir skóladagar byrja á gæðastund í 15 mínútur þar sem nemendum gefst tækifæri til að ræða daginn og veginn innan bekkjarins.
  - **Innra mat** - Áhersla á valda þætti úr öllum flokkum innra mats sem gekk eftir.
  - **Foreldrasamstarf** - Gekk heilt yfir vel. Samstarfið er jafn mismunandi og foreldrarnir eru margir. Margir foreldrar til fyrirmyndar og þiggja alla þá hjálp sem er í boði en aðrir eiga erfitt með að tileinka sér og nýta þá aðstoð sem er í boði eða mælt með.
  - **Áætlanir** - Endurnýjaðar og áætlanir sem vantaði út frá innra mati gerðar.
  - **Fjármál** - Skólinn var rekinn með halla árið 2023 og vegur þyngst launaliðir starfsmanna.
- **Námsmatsstefna** skólans var metin og yfirfarin og má sjá [hér](#).
  - **Foreldrasamtöl** voru haldin reglulega yfir skólaárið. Foreldrasamstarfið gekk með ágætum í vetur. Vissulega jafn mismunandi og foreldrarnir eru margir. Sumir foreldrar eru til fyrirmyndar og þiggja alla þá aðstoð sem er í boði. Aðrir foreldrar eru ekki jafn virkir að nýta sér þau ráð og aðferðir sem fjölskylduráðgjafi mælir með. 92,3% foreldra voru ánægð með síðasta samtal samkvæmt Skólapúlslinum.
  - **Nemendakönnun** var lögð fyrir tvisvar á skólaárinu. Farið var yfir niðurstöður beggja kannana á fyrsta starfsdegi eftir að þær framkvæmdar. Eftir fyrri niðurstöður var áttak gert t.d. í hrósi til nemenda, aukin áhersla á íslenskukennslu og þá helst með áhugasviðsverkefnum. Helstu niðurstöður í seinni könnunni var farið yfir á næsta starfsdegi og sett á umbótaráætlun fyrir næsta skólaár þar sem ber helst að nefna að efla stærðfræði- og enskukennslu sem og líðan nemanda með aukinni persónueflingu. Einnig má nefna að aukin áhersla verður á að bæta innlagnir á verkefnum og verkefnalýsingar.
  - **Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl** voru haldin. Almenn líðan í starfi meðal starfsfólks var nokkuð góð. Í samtölum kemur fram að starfsmenn finnu fyrir auknu álagi þennan veturinn samanborið við seinustu ár. Almenn ánægja er með sveigjanlegan vinnutíma en einnig nefnt að hann hefur orðið til þess að samvinna milli kennara hafi minnkað. Ýmsar hugmyndir varðandi starfsþróun og námskeið komu upp og hófst vinna

við að finna slík námskeið og styrki. Hafa nokkur þeirra ratað á dagskrá starfsdaga fyrir næsta skólaár t.d. áhugahvetjandi samtalstækni.

- **Nemendaping** var haldið á [haustönn](#) þar sem nemendur gátu komið með sínar hugmyndir, starfsfólk vann svo áfram með þær fram eftir skólaárinu í samvinnu við nemendur.
- **Bekkjarfundir** haldnir fyrsta föstudag í hverjum mánuði og gengu vel þar sem nemendur höfðu tækifæri til að ræða um nám og kennslu og almennt um skólastarfið.
- **Hegðunarskemu** voru sett á laggirnar fyrir alla nemendur þar sem starfsfólk fyllti inn í samkvæmt litaskema Cat-kassans fyrir hvern dag fyrir sig.
- Þroskaþjálfari sá um og framkvæmdi **líðankönnun** hjá öllum nemendum. Niðurstöður ræddar á nemendafundum og aðgerðaráætlanir virkjaðar hjá þeim nemendum sem komu illa út úr könnuninni. Einnig átt samtöl við foreldra/forráðamenn um niðurstöður líðankönnunar.

### **Umbætur næsta árs:**

- Halda áfram að meta og bæta faglegt samstarf og samræðu.
- Halda áfram að meta og bæta tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu.
- Halda áfram að bæta vinnulag, verklagsreglur og áætlun.
- Viðhalda og aðstoða nemendaráðið við störf sín.
- Skólastjóri fylgist reglulega með og metur kennslu og kennsluhætti kennara
- Jafningjamat kennara og mat á nýjum kennsluháttum fari fram.
- Skólastjóri fylgist reglubundið með kennslu þar sem sá þáttur gekk ekki sem skyldi þennan veturinn.

## **Nám og kennsla**

Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#)

Markmið skólans: *Skólinn er lærdómssamfélag sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks, með það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Námið grundvallast af samspili margra þátta og allir innan samfélagsins stuðla að þeim þáttum eftir bestu getu. Huga að góðu og hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur, svo að þeir upplifi væntingar og læri vönduð vinnubrögð í kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða. Einnig hefur skólinn það að markmiði að vinna úr vanda nemenda sinna vegna hegðunar- aðlögunar og/eða samskiptaröskunar í samvinnu við foreldra, heimaskóla og önnur úrræði eftir atvikum. Markmið skólans er þá einnig að veita foreldrum markvissa ráðgjöf sem og grunnskólum Akureyrar fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóp skólans.*

Áhersla skólaársins 2023-2024 var að viðhalda og fara yfir valda liði úr *Nám og Kennsla* sem snéru að *inntak og námskrá, Árangur náms og Gæði kennslu*. Gögn sem nýtt voru til að máta við gæðaviðmiðin voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður innlits skólastjóra í kennslustundir. [Hér](#) má sjá útfylltan matslista um nám og kennslu þar sem hvert einstaka atriði er metið og gefin umsögn í sínum undirflokki.

### Niðurstöður:

- **Nemendakönnun** var lögð fyrir einu sinni á önn. Niðurstöður notaðar til að sjá hvernig nemendur meta sig í hverjum áfanga. Könnunin einnig notuð til að fá sýn nemenda á skólastarfið.
- **Bekkjarfundir** voru haldnir einu sinni í mánuði þar sem umsjónarkennarar ræddu ýmis málefni við nemendur og gátu nemendur gátu skoðanir sínar á ýmsum málefnum. Misjafnt var eftir kennurum hversu duglegir þeir voru að senda frá sér fundargerðir. Margir að helstu punktum sem þarna komu fram voru síðar útgangspunktur á nemendapinginu.
- **Kennarafundir** haldnir einu sinni í viku og gengu þeir almennt vel. Hægt var að leysa ýmis mál og skipuleggja viðburði. Kennarar gátu einnig komið með mál inn á fundinn hvort sem það tengist skipulagi, verkferlum eða málum tengdum vinnustaðnum.
- **Nemendafundur** voru haldnir tvisvar í viku á haustönn og einu sinni á viku á vorönn, þar var farið yfir málefni og framgang nemenda í námi og hegðun.
- **Markmiðsfundir** voru haldnir einu sinni í mánuði fyrir hvern nemenda. Farið var yfir námslega stöðu og markmið. Rétt eins og var nefnt hér að ofan gekk foreldrasamstarfið almennt vel en þó misjafnt eftir foreldrum.
- **Námsvísar** voru yfirfarnir en það þarf að fara aftur yfir þá þegar ný aðalnámskrá er komin út.

Samkvæmt nemendakönnun kom fram að Íslenskukennsla hefur tekið dýfu varðandi áhuga nemenda. Mun þá vera eitt af verkefnum umsjónarkennara ásamt öðru starfsfólki að leita leiða til að bæta úr því, sundkennsla er vinsælli eftir svipaða vinnu yfir síðustu skólaár.

Nám og kennsla verður áfram metið reglulega með viðunandi matstækjum samkvæmt langtíma- og ársáætlun innra mats og samantekt um styrk- og veikleika tekin saman og sett fram í skýrslu við skólalok hvers árs.

### Umbætur næsta árs

- Meta markvisst og örur gæði kennslu.
- Þróa námsvísa út frá skólanámskrá skólans með áherslu á samþættingu.
- Fara yfir námsvísa með nýja aðalnámskrá í huga.
- Halda áfram að vinna með kannanir og niðurstöður innra mats.
- Halda áfram að þróa og vinna með leiðsagnarnám.
- Auka aðkomu nemenda og foreldra að námsmati og námi með leiðsagnarnámi og að námsmat sé reglulegur þáttur á markmiðsfundum.
- Halda áfram að vinna markvisst að mælanlegum markmiðum nemenda.
- Halda áfram að þjálfva nemendur í fjölbreyttum námsaðferðum til þess að auka leikni og þekkingu.



## Innra mat

Hér má sjá markmið Akureyrarbæjar um [Innra mat](#). Markmið skólans er þá: *Að innra mat sé skipulagt til lengri og skemmri tíma (ársáætlun-hvað á að meta í vetur), sé kerfisbundið, markmiðsbundið, umbótamiðað og allir hagsmunaaðilar komi að því.*

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, vinna á starfsdögum og niðurstöður starfspróunarsamtala.

Í kjölfar ytra mats 2020 hafa verið gerðar miklar úrbætur á skipulagi, framkvæmd og umbótum í innra mati. Stofnað hefur verið gæðaráð þar sem allt starfsfólk er þátttakendur, leitað er til foreldra um skipulag og mat innan gæðaráðsins.

### Niðurstöður:

- Allir þættir Innra mats voru teknir fyrir veturinn 2023-2024 samkvæmt langtímaáætlun skólans sem áður hefur verið vísað í.
- [Langtímaáætlun](#) skólans var framfylgt og setti skólinn sér markmið og stefnu um innra mat sem endurspeglar helstu þætti sem eru taldir mikilvægir og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Ný langtímaáætlun var útbúin á starfsdögum að vori.
- Fundir hafa verið reglulega yfir skólaárið svo hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmt innra mats.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra/forsjáraðila og einnig starfsfólk skólans.
- Nemendafundur voru haldnir að lágmarki einu sinni í mánuði og er skólaþing haldið einu sinni á árinu.
- Allur starfsmannahópurinn rýndi og skoðaði saman niðurstöður kannanna, m.a. á starfsdögum og kennarafundum/starfsmannafundum.
- [Umbótaráætlun](#) var kynnt öllu starfsfólki í upphafi skólaárs og farið var yfir niðurstöður í lok skólaársins.
- Vinnan samkvæmt langtíma- og ársáætlun stóðst skipulag.
- Vinna við nýja langtímaáætlun hófst á starfsdögum að vori.
- Samantekt styrkleika og umbóta sett fram í þessari skýrslu.
- Umbótaráætlun skólaársins 2024-2025 hófst á vordögum.

### Umbætur næsta árs:

- Klára vinnu við nýja langtímaáætlun um innra mat.
- Gera starfsáætlun gæðaráðs sem festir fundi út skólaárið og segir nákvæmar um hvað er tekið fyrir á hverjum fundi.
- Fylgja umbótum vel og markvisst eftir s.s. á fundum starfsfólks.

## Heildarniðurstaða júní 2024 - Skólaprófill

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að 100% matsþátta (16/16) eru flestir eða allir sterkir og með mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2023-2024 var stefnt á að minnsta kosti 90% allra matsþátta yrði metnir sem sterkir eftir að stjórnun og faglega þjónusta hefur verið yfirfarin sem og að öðrum þáttum hefur verið viðhaldið og tókst það markmið.

# Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025

Stjórnun og fagleg forysta							
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Meta og bæta faglegt samstarf og samræða	Gera skema þar sem kemur fram hvað og hvenær á að meta.	Skólastjóra	september	maí	Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl og starfsmannafundir.	Að 90% matspátta séu góðir
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
2	Meta og bæta tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Meiri samskipti við foreldra, nota class dojo meira, fréttir á heimasíðu, vettvangsferðir og kynna skólann út á við.	Allra	Ágúst 2024	Júní 2025	Skólapúlsinn fyrir foreldra t.d., samtöl foreldra við fjölskylduráðgjafa. Meta vettvangsferðir nemenda í fluginu o.s.frv.	Að 90% foreldra séu ánægð með skólann. Að samfélagið sé meðvitað um starf Hlíðarskóla.
Umbætur og innleiðing breytinga.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
3	Að styðja áfram starf nemendaráðsins	Aðstoða nemendaráð til að starfa áfram	Skólastjóra	Ágúst 2024	Júní 2025	Hvort nemendaráð verði virkt eða ekki.	Að nemendaráð sé starfandi með einhverjum hætti.

4	Skólastjóri fylgist með reglulega hvað fer fram í skólastofum	Að skólastjóri geri áætlun varðandi innlit í kennslustofur	skólastjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendakönnun, Samtöl við kennara.	Að skólastjóri fari reglubundið inn í allar skólastofur og fylgist með því sem fer fram.
<b>Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
5	Bæta vinnulag, verklagsreglur og áætlun	Að verklagsreglur og áætlanir séu að lágmarki yfirfarnar einu sinni að vetri. Vinnulag sé bætt með reglulegu m fundum gæðaráðs og að það sé virkt samtal meðal starfsmanna um gæði verklags í skólanum	Allir	Ágúst 2024	Júní 2025	Að gert sé áætlun og skipulag um yfirferð verklagsreglna og áætlana og því framfylgt. Vinnulag sé skoðað með jafningjamati, rætt á starfsmannafundum og í starfspróunarsamtölum.	Að allar áætlanir og verklagsreglur séu uppfærðar á hverju ári. Að vinnulag sé alltaf faglegt og að fagleg vinnubrögð séu ávallt höfð að leiðarljósi.

## Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
6	Vinna með námsvísa með áherslu nýja Aðalnámskrá á	Uppfæra námsvísa í samræmi við nýja Aðalnámskrá	Skólastjóri, kennarar, gæðaráð	Ágúst 2024	Júní 2025	Námsvísar metnir	Að námsvísar endurspegli nýja Aðalnámskrá

Árangur náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
7	Auka aðkomu nemenda og foreldra að námsmati	Virkja foreldra í námsmati nemenda á markmiðsfundum	Skólastjóri, fjölskylduráðgjafi og kennarar	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendakönnun, foreldrakönnun og í samtölum á markmiðsfundum	Að nemendur og foreldrar upplifi í samtali og könnunum að þau hafi meiri aðkomu að námsmati.
8	Að kennarar meti nemendur stöðugt með símati yfir skólaárið og fylgjast með framförum	Að geta rætt um stöðu nemenda á fundum með nemendum og foreldrum og hvort eðlilegar framfarir séu	Skólastjóri og kennarar	Ágúst 2024	Júní 2025	Að framfarir séu metnar stöðugt og skráðar í mentor með reglubundnum hætti. Að allt mat fyrir haustönn liggja fyrir síðasta lagi í janúar 2025.	Að nemendur sýni framfarir á sínum forsendum og séu metnir reglulega.
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
9	Söfnun gagna og meta reglulega gæði náms og kennslu	Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu.	Skólastjóri, kennarar	Ágúst 2024	Júní 2025	Matslistar, jafningjamat, starfsþróunarsamtöl.	Að gögnum yfir gæði náms og kennslu sé safnað saman jafn óðum yfir veturinn.
10	Auka leikni og þekkingu nemenda á námsaðferðum.	Að þjálfar nemendur í fjölbreyttum námsaðferðum til þess að auka leikni og þekkingu.	Kennarar, skólastjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Matslistar, áhorf í tímum, jafningjamat, starfsþróunarsamtöl við kennara.	Að nemendur geti nýtt sér fjölbreyttar námsaðferðir sem auka leikni og þekkingu.

Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
11	Að nemendur skilji enn frekar þau verkefni sem er lagt fyrir þau	Að gera verkefna­lýsingar og innlagnir enn skýrari	Skólastjóri og Kennarar	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendakannanir og í samtölum við nemendur.	Að 90% nemenda telji sig skilja vel eða mjög vel verkefna­lýsinga r.
<b>Ábyrgð og þátttaka</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
12	Vinna markvisst með mælanleg markmið nemenda	Setja markmið í upphafi vetrar og mæla markmiðin reglulega	Skólastjóri, Kennarar, Fjölskylduráðgjafi	Ágúst 2024	Júní 2025	Nemendafundur á þriðjudögum og farið yfir og markmið kynnt. Markmiðsfundur einu sinni í mánuði. Meta námsmarkmið jafnvel örar.	Að markmið séu metin með reglubundnum hætti.
13	Viðhalda lýðræðislegri aðkomu nemenda að skólastarfinu	Gera áætlun um lýðræðislega aðkomu nemenda í skólastarfinu	Allir.	Ágúst 2024	Júní 2025	Gera áætlun þannig að unnið sé markvisst að lýðræðislegri aðkomu nemenda, t.d. Nemendaping, reglulegir bekkjarfundir, nemendur sitja í skólaráði, nemendur fá að velja annað slagið hvað verður í matinn í skólanum. Flugið gefur nemendum val í 4 kennslustundum á viku.	Að nemendur upplifi í nemendakönnunum að þau hafi eitthvað um skólastarfið að segja og skoðanir þeirra komið á framfæri.
14	Að nemendur eigi auðveldara með að segja hvernig þeim líður	Aukin tími fyrir persónueflingu þar sem unnið er með samtöl, tilfinningar og tjáningu	Skólastjóri, þroskaþjálfari og kennarar	Ágúst 2024	Júní 2025	Að gera áætlun varðandi aukningu á persónueflingu fyrir nemendur hjá bæði þroskaþjálfara sem öðru starfsfólki. Niðurstöður mældar með nemendakönnun.	Að 90% nemenda telji sig geta sagt frá hvernig þeim líður.
15	Að nemendum líði betur í skólanum	Aukin persónuefling og sjálfvinna. Auka við	Allir	Ágúst 2024	Júní 2025	Að vinna markvisst með áhugasvið nemenda hvort sem er í verkefnavinnu, tóms­­tundastarfi og í	Að 90% nemenda telji sig líða vel eða mjög vel í skólanum.

		verkefnavin nu tengdu áhugasviði nemenda og leita leiða til að auka tómtundas tarf				persónueflingu þeirra. Niðurstöður mældar með nemendakönnun.	
--	--	--	--	--	--	--	--

Innra mat							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
16	Að vinna nýja langtímaáætlun á innra mati	Að ný langtímaáætlun fyrir næstu ár sé búin til og haft í huga þá þætti sem starfsfólk vill leggja áherslu á hverju sinni.	Skólastjóri	Ágúst 2024	Desember 2024		Að ný langtímaáætlun sé klár og birt á heimasíðu skólans.
17	Að langtímaáætlun sé markvisst unnin	Fylgja eftir áætluninni og meta allt sem á að meta	Gæðaráð	Ágúst 2024	Júní 2025	Skýrsla innra mats í júní 2024	Að 90% þáttum innra mats sé framfylgt.
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
18	Nýta umbótaáætlun markvisst Skýrsla hvers árs sé aðgengileg	Að umbótaáætlun sé rædd á kennararfundum og verkefni skipulögð út frá henni m.a. Skýrsla sett á heimasíðu	Skólastjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Lok skólaárs í skýrslu um innra mat.	Að umbætur séu markvissar og þeim ljúki Að gögn um mat á skólastarfi séu aðgengileg skólasamfélaginu
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

19	Halda opinn skólaráðsfund og kynna niðurstöður Innra mats skýrslu frá síðasta skólaári	Kynna innra mat skólans (skipulag, framkvæmd og umbætur) í skólasamfélaginu.	Skólastjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Mat á starfsáætlun: - fundargerðir skólaráðs. Foreldrakönnun Nemendakönnun Starfsmannakönnun Rýnihópar - skólaþing	Skólastarf í sífelldri þróun samkv. Viðmiðum gæðastarfs 80-90% svarenda þekki til innra mats skólans og leiða til að koma sjónarmiðum á framfæri Að innra mat sé tekið til umfjöllunar á opnum fundi skólaráðs.
----	--	--	-------------	------------	-----------	--	---